

Ed.

798. Breytingartillögur

[306. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 65 19. maí 1982, um skattskyldu innlánsstofnana.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (EKJ, LJ, VI, TÁ).

1. Á undan 1. gr. komi ný gr. er verði 1. gr. og breytist röð annarra greina í samræmi við það. Greinin orðist svo:
 2. gr. laganna orðist svo:

Til skattskyldra tekna og eigna aðila, skv. 1. gr. þessara laga, teljast þó ekki tekjur og eignir stofnlánasjóða og veðdeilda sem stofnaðar eru með sérstökum lögum eða með reglugerð á grundvelli heimilda í lögum og í tengslum við innlánsstofnanir en sem fjárhagslega sjálfstæðar deildir. Fjárhagur þeirra sé greinilega aðskilinn fjárhag annarra deilda viðkomandi stofnana enda séu reglur þar um viðurkenndar af fjármálaráðuneytinu.
2. Við 1. gr. í stað „½%“ í 1. og 2. másl. 1. gr. komi: 1%.
3. Við 2. gr.
 - a. Upphafsaðkvæði greinarinnar orðist svo:
 5. gr. laganna orðist svo:
 - b. Aftan við lokamálsgrein greinarinnar bætist nýr málslíður er orðist svo: Hafi aðili myndað fjárfestingarsjóð skal hann einnig teljast til tekna á síðasta skattskylduári framreiknaður en án viðurlaga.
4. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

I.

Við mat á eignum í ársbyrjun 1983 skulu skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum draga 1% frá samanlögðum útlánum og veittum ábyrgðum í árslok 1982.

II.

Til ársloka 1985 skulu skattskyldir aðilar samkvæmt lögum þessum greiða sérstaka fyrirframgreiðslu vegna væntanlegrar álagningar skatta skv. lögum þessum. Kemur hún í stað fyrirframgreiðslu, skv. 110. gr. l. nr. 75/1981.

Stofn til sérstakrar fyrirframgreiðslu skal vera innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og 31. gr. laga nr. 13/1979, um breyting á þeim lögum, sbr. enn fremur reglur Seðlabanka Íslands um innlánsbindingu.

Fyrirframgreiðslan skal innheimt af Seðlabanka Íslands og greidd fyrir hvern mánuð miðað við innstæðufé í lok næstliðins mánaðar. Gjaldldagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur eftir lok næstliðins mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er ríkisskattstjóri ákveður.

Seðlabanki Íslands skal skila mánaðarlega viðkomandi skattstjórum greinargerðum þeim sem honum hafa borist vegna síðast liðins mánaðar.

Ákvæði laga um launaskatt að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra skulu gilda um fyrirframgreiðslu skv. 2.–4. mgr. eftir því sem við á.

Fyrirframgreiðsla, sem innt var af hendi á árinu 1983, skal ganga upp í álagningu á árinu 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs. Mánaðarleg fyrirframgreiðsla á árinu 1984 skal vera 0,06% af stofni og skal hún ganga upp í álagningu á árinu 1985 vegna tekna ársins 1984 og eigna í lok þess árs. Á árinu 1985 skal mánaðarleg fyrirframgreiðsla nema 0,03% af stofni og skal hún ganga upp í álagningu á árinu 1986 vegna tekna ársins 1985 og eigna í lok þess árs.

Komi í ljós við álagningu 1984 til 1986 að skattskyldur aðili hafi greitt meira í fyrirframgreiðslu vegna viðkomandi tekjuárs en nemur álögðum gjöldum skv. lögum þessum skal ríkissjóður þegar endurgreiða án vaxta það sem umfram er. Reynist álögð gjöld hærri en fyrirframgreiðsla fyrir viðkomandi tekjuár skal það sem vangreitt er innt af hendi með jöfnum mánaðarlegum greiðslum hinn 1. hvers mánaðar það sem eftir lifir álagningarársins.

Frá og með gjaldárinu 1987 skal fara um greiðslur aðila, sem skattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, eftir ákvæðum XIII kafla laga nr. 75/1981, með síðari breytingum. Ákvæði þess kafla gilda einnig um innheimtu á mismun álagningar og fyrirframgreiðslu á árunum 1984 til 1986 eftir því sem við getur átt.